



Gjaldskrá Lengd viðvera grunnskólabarna

Dalabyggð

Gildir frá 1. janúar 2016

Vistgjöld og fæðisgjöld:	2016	
Heiti þjónustu	kr.	
Grunnvistgjald dvalarstundar	286	pr. klst.
Síðdegishressing í gæslu	174	pr. dag
Hádegismatur á föstudögum	410	pr. máltíð

Lágmarksvistun er 1 klst. á dag mánudaga – fimmtudaga eða 4 klst á viku.

Systkinaafsláttur er 30% af vistgjaldi annars barnsins, 100% vegna þriðja og fjórða barns af vistgjaldi fyrir eldra/eldri systkini. Foreldrar greiða fullt fæðisgjald fyrir öll börnin. Systkinaafsláttur er á milli leikskóla og lengdrar viðveru. Hæsti afsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu.

Einstæðir foreldrar fá 40% afslátt af vistgjaldi.

- Foreldri sem greiðir námsgjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.
- Ef foreldrar skilja/slíta sambúð er afsláttur veittur frá þeim degi sem umsókn berst deildarstjóra leikskóla svo fremi að upplýsingar um breytta hjúskaparstöðu komi fram í þjóðskrá.

Foreldrar í námi fá 30% afslátt af vistgjaldi enda uppfylli bæði eftirtalin skilyrði:

- Eru í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 22 ECTS einingar á önn. Taka þarf fram á vottorði frá skóla að um fullt nám sé að ræða.
- Eru í framhaldsskóla og skráðir í fullt nám að lágmarki 15 einingar á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða. Nám sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN3 Afsláttur reiknast frá þeim degi sem skólavottorðum er skilað til deildarstjóra leikskóla.

Starfsmenn lengdrar viðveru sem eru í fullu starfi fá 40% afslátt af vistgjaldi. Afsláttur breytist hlutfallslega með breyttu starfshlutfalli.

Foreldri sem er 75% öryrki fær 30% afslátt af vistgjaldi.

Ef foreldrar falla undir fleiri en einn afsláttarflokk gildir sá sem veitir mestan afslátt.

Skráning í lengda viðveru er á skrifstofu Dalabyggðar. Skráning getur verið í 1 eða 2 klst. pr. dag fjóra daga vikunar og 3 ½ eða 4 ½ klst. pr. dag á föstudögum. Lágmarksskráning er 1 klst. pr. dag fjóra daga vikunnar (kl. 15-16 mánudag-fimmtudag).

Panta þarf fyrir a.m.k. einn mánuð í senn. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skrifstofu Dalabyggðar fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda nema þau vari lengur en eina viku samfelt. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari t.d. í íþróttatíma eða tónlistartíma á dvalartíma heilsdagsskóla.

Samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 15. desember 2015.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri